

Álit siðanefndar um erindi ÁsF um meint brot BLG og þSÆ á siðareglum

Bókun GSB

Mikilvægt er að Alþingi hafi siðanefnd með fullt og milliliðalaust umboð til að kveða upp úrskurði um álitamál sem upp koma vegna þingmanna.

Það fyrirkomulag að forsætisnefnd sé milliliður við slíka afgreiðslu hefur reynst gallað, enda var það gagnrýnt á sínum tíma í umsögnum um þingsályktunartillöguna um siðareglur Alþingis.

Það er ótækt að pólitískir fulltrúar hafi lokaorð um niðurstöðu máls er varðar hugsanleg brot samþingmanna þeirra á siðareglum Alþingis

Eftir að þingið setti sér siðareglur hefur aðeins einn þingmaður verið talinn brotlegur við þær, fyrir að taka þátt í opinberri umræðu um meint brot annars þingmanns, og þá vegna orðalags fremur en inntaks. Þetta tel ég óheppilegt fyrir þingið, ásýnd þess og störf.

Í ljósi þess sem að framan greinir hlýt ég þó að lúta niðurstöðu siðanefndar.